



Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Tillaga Nadíu Lóu Atladóttur, fulltrúa ungmennaráðs Laugardals, Háaleitis og Bústaða

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 12. maí 2020 var lögð fram svohljóðandi tillaga Nadíu Lóu Atladóttur, fulltrúa ungmennaráðs Laugardals, Háaleitis og Bústaða:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að bjóða nemendum í grunnskólum Reykjavíkur aukna fræðslu um fólk á flótta og stöðu þeirra í íslensku samfélagi, eigi síðar en haustið 2020.

Greinargerð:

Eins og staðan er í dag er lítil sem engin þekking á málefnum og aðstæðum fólks á flótta hjá ungmennum og samfélaginu í heild. Það er mikilvægt að vita hvernig er tekið á móti fólki á flótta og hvernig það ferli gengur fyrir sig. Það er gagnlegt fyrir ungmenni að þekkja mismunandi menningarheima. Ungmennaráð Laugardals, Háaleitis og Bústaða leggur til að aukin fræðsla um fólk á flótta verði sett í námskrá grunnskóla sem mun þá sporna gegn fordómum og óréttlæti ásamt því að leyfa nemendum að heyra reynslusögur frá fólki á flótta.

Samþykkt var að vísa tillögunni til meðferðar mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs.

Athygli er vakin á því að **tillagan var ekki samþykkt á fundinum** og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fram, taka hana til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

Lögð er áhersla á það að tillagan fái formlega afgreiðslu á vettvangi ráðsins.

Óskað er eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdísi Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði.

Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælt til þess að tillagan verði afgreidd af mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs fyrir þann tíma.

Helga Björk Laxdal
e.u.